

110 febr. 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er 25. júní úr gildi felld jarðræktarsamþykkt nr. 113 19. júlí 1946 fyrir hreppabúnaðarfélagin undir Eyjafjöllum.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Arni G. Eylands.

111

29. júní

AUGLÝSING

um að reiðhjól með hjálparvélum skuli undanþegin ákvæðum bifreiðalaganna.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 1. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, og með samþykki fjármálaráðuneytisins, hefur ráðuneytið úrskurðað að reiðhjól með hjálparvélum allt að 1 hestafli skuli undanþegin ákvæðum bifreiðalaganna, en öll bifhjól og reiðhjól með hjálparvélum, 1 hestafli eða stærri, skuli háð ákvæðum bifreiðalaganna. Reiðhjól með hjálparvél telst sérhvert tvíhjóla og þríhjóla ökutæki, sem hefur sérstök tæki til að knýja hjólið áfram með mannlegri orku auk vélarinnar.

Þau af tækjum þessum, sem samkvæmt framanrituðu falla undir ákvæði bifreiðalaganna eru skráningarskyld, gjaldskyld og tryggingarskyld sem bifreiðar, en þau tæki, sem falla utan ákvæða bifreiðalaganna, ekki.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Sigurgeir Jónsson.

112

29. júní

REGLUGERÐ

um skrásetningu reiðhjóla með hjálparvél undir einu hestafli.

1. gr.

Öll reiðhjól með hjálparvélum undir einu hestafli, skulu skrásetjast af lögreglustjóra í umdæmi því, sem eigandi reiðhjólsins býr í.

2. gr.

Á hverju slíku reiðhjóli skulu vera skrásetningarmerki framan og aftan á hjólinu. Skrásetningarmerkin skulu vera með rauðum stöfum á hvítum grunni.

Hæð stafa skal vera 4 cm. Einkennishófstafir skulu vera hinir sömu og fyrir bifreiðar, en númer skulu hefjast á tölunni 1 í hverju umdæmi.

3. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík sér um tilbúning skrásetningarmerkja fyrir reiðhjól og annast dreifingu til annarra umdæma. Skrásetningarmerkin skulu seld fyrir kostnaðarverði, að viðbætti hæfilegri álagningu vegna afgreiðslu og dreifingarkostnaðar, eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Fyrir skrásetningu samkvæmt reglugerð þessari skal greiða 100 króna gjald til ríkissjóðs og annast lögreglustjórar innheimtu þess.